



311. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund þriðjudaginn 23. september 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, HB
Sigurðar Páll Jónsson, SPJ
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS, varamaður **Katrínar Gísladóttur**,
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Ragnar Mór Ragnarsson, RMR
Helga Guðmundsdóttir, HG
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri SB
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, **Hafdís Bjarnadóttir**, setti fund og stýrði.
Leitað var afbrigða við dagskrá að liður 4. Samningur við Sæferðir verði settur á dagskrá og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 514, dags. 8.september 2014.

Fundagerð framlögð.

Liður 1 bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga lagt fyrir .

Í bréfinu kemur fram að eftirlitsnefndin hafi farið yfir ársreikninga Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2013. Í ljósi þeirrar jafnvægisreglu sem í gildir er um fjármál sveitarfélaga liggur fyrir að niðurstaðan er ekki í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2013 og samkvæmt áætlun um árin 2013 -2015. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að óska eftir útskýringum á þessari niðurstöðu og áætlun um hvernig ná skuli jafnvægi í rekstri árána 2014-2016. Svör skulu hafa borist fyrir 26.september n.k.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að hefja þegar frekari vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og ganga til samninga við ráðgjafa um fjármál sveitarfélaga. Liggur fyrir að Garðar Jónsson hjá R3- Ráðgjöf og Ólafur Sveinsson hjá SSV-þróun og ráðgjöf eru tilbúnir til þess að hefja nú þegar vinnu við að greina vandann og gera tillögur um fjárhagalega og rekstrarlega endurskipulagningu í þeim tilgangi að tryggja að bæjarsjóður uppfylli gildandi reglur. Er bæjarstjóra veitt heimild til þess að semja við framangreinda aðila og vinna að nauðsynlegum skipulagsbreytingum á bæjarskrifstofum og hjá stofnunum svo því markmiði verði náð sem fjármálareglugerðin setur.



Tillagan borin upp til afgreiðslu, samþykkt með atkvæðum Hafdísar Bjarnadóttur og Sigurðar Páls Jónssonar, Lárus Ástmar Hannesson situr hjá.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,SB og HB

Bókun:

Vegna bréfs Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga viljum við koma með eftirfarandi bókun:

Í Reglum um fjármál sveitarfélaga er lögð áhersla á tvennskonar viðmið. Annarsvegar að hlutfall skulda miðað við tekjur sé ekki yfir 150% og hinsvegar að rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins af síðustu þremur árum sé ekki neikvæð (jafnvægisreglan). Helsti óvissuþáttur rekstrarins og áhrifavaldur stöðunnar hefur verið verðbólga. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, ásamt starfsmönnum hafa með samstöðu og vinnusemi náð verulegum árangri í rekstri bæjarins. Þróun skuldahlutfalls hefur verið eftirfarandi: 160% árið 2006, 157% árið 2007, 175% árið 2008, 180% árið 2009, 180% árið 2010, 167% árið 2011, 150% árið 2012, 147% árið 2013 og útlit fyrir að skuldahlutfallið fari niður undir 140% fyrir árið 2014.

Rekstrarniðurstaða undanfarin ár hefur verið eftirfarandi:

2006 -38 milljónir, 2007 +2,6 milljónir, 2008 – 129 milljónir, 2010 – 73 milljónir, 2011 -48 milljónir, 2012 + 4,4 milljónir, 2013 – 18,3 milljónir.

Rekstrarniðurstaða (jafnvægisregla) þriggja ára hefur þróast eftirfarandi:

2006 – 2008, mínus 165 milljónir. 2007 – 2009, mínus 227 milljónir. 2008 – 2010 mínus 303 milljónir. 2009 – 2011 mínus 221 milljónir. 2010 – 2012, mínus 116 milljónir. 2011 – 2014 mínus 24 milljónir.

Bæjarfulltrúar L – listans munu áfram sem hingað til vinna af ábyrgð að því að bæta fjárhag sveitarfélagsins.

Við samþykkingum því þá tillögu sem hér er til afgreiðslu og teljum að ef niðurstöðurnar verða nýttar til breytinga geti það orðið til bóta.

Lárus Ástmar Hannesson

Ragnar Már Ragnarsson

Helga Guðmundsdóttir

Liður 2 Önnur mál.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir átak á vegum Umhverfishóps í Stykkishólmi sem gerir ráð fyrir plastpoka lausu samfélag í Stykkishólmi. Átakið verður sett af stað föstudaginn 12. september n.k. Bæjarráð fagnar verkefninu og lýsir stuðningi við það.

Hafdís Bjarnadóttir tók til máls um málefni háls og bakdeildar HVE.

Bæjarráð samþykkir að senda bréf til framkvæmdastjórnar HVE og heilbrigðisráðherra þar sem hvatt verði til þess að tryggðir verði fjármunir vegna starfsemi háls og bakdeildar í samræmi við tillögur fagfólks deildarinnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Fundargerð samþykkt.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 515, dags. 19.september 2014.

Fundargerð framlögð.

Liður 10 fundargerð Skólanefndar (134.fundur) dags.10.09.2014

Fundargerð framlögð.

Liður 2 d. Fyrirspurn frá Kristbjörgu Hermannsdóttur fulltrúa;

i. Tillaga um að samræma stefnur í báðum skólum eins og tíðkast t.d. í Hafnarfirði. Eðlilegt að talað sé "sama tungumál" innan veggja beggja stofnanna. Reglur og viðurlög séu með sama móti þó svo að aldurskipting spili þar inn í. Samskipti við foreldra og stuðningsnet sé sambærilegt og sýnilegt. Skólabragur sambærilegur og starfsmannastefnu. Til þess að skólastefna geti lifað og dafnað er nauðsynlegt að halda umræðunni og uppfærðslu um hana gangandi og gefa starfsfólki tækifæri til skiptast á upplýsingum um hvernig gengur, hvað má gera betur og hvað virkar vel. Eins er nauðsynlegt að allt starfsfólk skólans sé meðvitað um út á hvað stefnan gengur og hvernig skólinn ætlast til að unnið sé eftir henni. Það þarf einnig að gefa sér góðan tíma til að setja nýtt starfsfólk inn í verklagshætti.

Umræður

Almenn ánægja með hugmyndina en nauðsynlegt að vinna að endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar áður en lengra er haldið.

Ályktun

Skólanefndin leggur til við bæjarstjórn Stykkishólms að hafin verði vinna við endurskoðun skólastefnu. Nefndin leggur til að stefnan verði unnin með aðkomu leik-, grunn-, og tónlistarskóla, íþróttá og tómstundafulltrúa auk ungmennafélagsins Snæfells, fulltrúar foreldrar og nærsamfélags.

Ályktun samþykkt með áorðnum breytingum.

Afgreiðsal bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:HG

Fundargerð samþykkt.

Liður 12 fundargerð skipulags- og bygginganefnd nr. 176

Fundargerð framlögð.

12.1. 1406040 - Silfurgata 1 - Umsókn um byggingarleyfi

Þröstur Leósson kt.220266-4949 sækir um fyrir hönd Helgu Lárusdóttir kt.280927-4659, Ebbu Lárusdóttir kt.070334-7719 og Hrefnu Lárusdóttir kt.190233-2789 að rífa hús við Silfurgötu 1 og



byggja nýtt hús samkvæmt áður innsendum teikningum. Með umsókninni fylgja uppdrættir og tölvupóstur dags. 18.júní 2014. Erindi frestað á fundi 174 og grenndarkynnt og lauk henni 25. júlí 2014. Þrjú athugasemdabréf bárust í grenndarkynningunni. Umsögn Minjastofnunnar liggur fyrir, dags. 9. júlí 2014. Erindi frestað á fundi 175.

Skipulags- og byggingarnefnd hafnar erindinu. Þar sem svo mikil stækkun kemur til með að skerða hagsmuni nágranna. En tekur jákvætt í að húsið verði endurbyggt eða rifið og endurbyggt. Lagt er til að Skipulags- og byggingarfulltrúi sendi þeim aðilum er athugasemdir gerðu niðurstöðu fundar samkv. gr.5.9.4. í skipulagsreglugerð.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,SB,HB og RMR

12.2. 1408041 - Borgarbraut 8-8a - umsókn um stækkun á hóteli II

Sótt er um breytingar á grunnmynd á áður samþykktum uppdráttum frá fundi 172. samkv. uppdráttum frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar kt.301255-4629.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir breytinguna á grunnmynd.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: RMR

12.3. 1404004 - Borgarbraut 8-8a - Umsókn um stækkun á hóteli I.

Haukur Ásgeirsson kt.301255-4629 sækir um fyrir hönd Hótel Stykkishólm ehf kt.630604-2570 um stækkun á hóteli við borgarbraut 8, þar sem byggt verður ein hæð ofan á eldri hluta byggingar og tvær hæðir ofan á nýja hluta byggingar. 91 herbergi eru í hótelinu, að meðtöldum herbergjum sem hafa þegar verið samþykkt. Fjölgað verður um 47 herbergi í þessum áfanga. Eftir stækkun verða 138 herbergi í hótelinu, samkv. uppdráttum frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar kt.301255-4629. Erindi frestað á fundi 175. Umsögn vinnu- heilbrigðis- og brunaeftirlits fylgja með.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að gert verði deiliskipulag fyrir þessa lóð, þar sem erfitt er að grenndarkynna þetta erindi fyrir nágrönnum. Hótelið stendur hátt og því eru margir sem gætu átt hagsmuna að gæta. Deiliskipulag taki t.d. tillit til EarthCheck og annarra samþykka sem Stykkishólmsbær



hefur gengist undir ásamt skipulags- og byggingareglugerð.

Bókun.

Áður en ákvörðun er tekin um hvort leyfa eigi stækkun á hóteli við Borgarbraut 8 og 8a þurfa bæjaryfirvöld og eigendur að gera sér grein fyrir því að Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis hafa ekki yfir að ráða tækjum til björgunar starfa í svo hárrí byggingu sem sótt er um. Verði heimiluð þessi stækkun upp á tvær hæðir til viðbótar verður brunahönnun mannvirkisins að miðast við getu slökkviliðs samkvæmt 9.2.4.gr og 9.2.6.gr. byggingareglugerðar .

Guðmundur Kristinsson (GK) slökkviliðstjóri í Stykkishólmi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Bókun slökkviliðsstjóra tekin til frekari úrvinnslu í samráði við byggingafulltrúa og hönnuði.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: RMR,HB,SB,HG og LÁH

12.4. 1408030 - Laufásvegur 5 - umsókn um byggingarleyfi

Alexander Helgason kt.050969-3559 sækir um byggingarleyfi fyrir palli og skjólvegg við Laufásveg 5. Með umsókninni fylgja uppdrættir og samþykki nágretta við Laufásveg 3. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi. (GB) situr hjá við afgreiðslu vegna tengsla.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

12.5. 1408032 - Austurgata 4a - byggingarleyfi

Gestur Hólm Kristinsson kt.050856-2249 sækir um byggingarleyfi fyrir klæðningu á norðurhlið hússins og bæta við hurð á vesturhlið neðrihæðar við Austurgötu 4a, samkvæmt uppdrætti frá Onyx ehf. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingareglugerð 112/2012 með síðar breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

12.6. 1403003 - Austurgata 7 - umsókn um byggingarleyfi og breytingu á starfsemi.



Sigríður Magnúsdóttir kt.260362-6589 sækir um fyrir hönd Kaþólsku kirkjuna á Íslandi kt.680169-4629 um breytingar á grunnmynd og starfsemi í hluta hússins. Afgreiðsla frestað á fundi 170.

(GEM) vîkur af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar erindinu og óskar eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi láti gera breytingu á afstöðumynd og grenndarkynni þessa breytingu samkv. gr.5.9.2 í skipulagsreglugerð fyrir húseigendum Austurgötu 3,5,6,8 og 9 og Smiðjustíg 2,2a,3,4 og Súgandiseyjargötu 8.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,ÍHS,SB og RMR

12.7. 1408039 - Lágholt 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Eiríkur Helgason kt.190860-7369 sækir um byggingarleyfi fyrir aluzink klæðningu á þrjár hliðar á bílskúr við Lágholt 6, samkvæmt uppdrætti frá Onyx ehf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki eiganda Lágholts 4 þar sem bílskúrin er á lóðarmörkum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

12.8. 1408040 - Arnarborg 13 - umsókn um byggingarleyfi

Sævar Harðarson, kt.070766-5159 sækir um byggingarleyfi fyrir hönd Skipavíkur ehf kt.700175-0149 að byggja frístundahús við Arnarborg 13, samkvæmt uppdráttum frá Onyx ehf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að krossun lóða verði frágengin af bæjaryfirvöldum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum. (BE) situr hjá undir þessum lið vegna tengsla.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Vísað til liðar nr.35 á þessum fundi hvað varðar deiliskipulag Nýræktar og Reitarvegar og frágang með krossun lóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Til máls tók:LÁH

12.9. 1311030 - Aðalgata 7 - Breytingar inni og úti.

Ragnar Már Ragnarsson kt.200373-5109 sækir um breytingu á áður samþykktum uppdráttum fyrir Aðalgötu 7. Breytingin felur m.a. í sér færslu á aðalinngangi hússins, ásamt öðrum breytingum innanhúss.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, með fyrirvara um jákvæða umsögn frá Minjastofnun Íslands. Jafnframt er mælt með að gluggi verði settur í stað hurðar, þar sem gluggi var á þessum stað áður fyrr.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Ragnar sat hjá vegna tengsla.

12.10. 1409001 - Nestún 4 - breyting á bílskúr.

Lárus Hannesson kt.150766-4199 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingu á bakgafla bílskúrs, þar sem glugga verður bætt við, samkv. uppdrætti frá Ragnar M. Ragnarsyni BFI kt.200373-5109. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Lárus sat hjá vegna tengsla.

12.11. 1408031 - Aðalgata 17 - framkvæmdaleyfi

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir framkvæmdaleyfi til að snyrta svæðið á lóð Aðalgötu 17. Bílastæðum verður speglað yfir frá gildandi deiliskipulagi og restin af lóðinni jöfnuð út svo hægt sé að tyrfa eða sá í. Aðgerðin er til bráðabirgða þar til lóðinni verður úthlutað til uppbyggingar. Með umsókninni fylgir skissa/bréf dags.25.08.2014.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, þar sem það er einungis til bráðabirgða og gerir svæðið snyrtilegra.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og SB

12.12. 1405062 - Austurgata - Breyting á aðalskipulagi - Lýsing

Lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi var auglýst í



Skessuhorni, Mbl og á vef Stykkishólmsbæjar og var Lýsingin aðgengileg inn á vef Stykkishólmsbæjar frá 30.júlí til 13. ágúst 2014 ásamt því að vera til kynningar hjá skipulagsfulltrúa á sama tíma. Óskað var eftir ábendingum eða athugasemdum. Tveir tölvupóstar með ábendingum/athugasemdum bárust dags: 05.08.2014 og 13.08.2014. Umsögn Skipulagsstofnunnar liggur fyrir, dags:27.08.2014 og gerir Skipulagsstofnun hvorki athugasemdir við lýsingu á skipulagsverkefninu né áherslur í umhverfismati.

(GEM) víkur af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og byggingarnefnd þakkar innsendar ábendingar og leggur til að drög að tillögu verði gerð og kynnt samkvæmt 30.gr. 2. m.gr.

Bæjarstjórn samþykkir að gerð verði drög að tillögu sem verður unnin og kynnt samkvæmt 30.gr. 2.mgr. skipulagslaga nr.123/2010.

Til máls tóku:LÁH,ÍHS og HB

12.13. 1406036 - Aðalgata 3 - Stöðuleyfi - vinnuskúr

Guðbrandur Gunnar Garðarsson og Þorvaldur Hjaltason sækja um fyrir hönd Narfeyrarstofu ehf. kt.501207-1440 til Stykkishólmsbæjar, um afnotarétt af lóð sem afmarkast af girðingu milli KST, Narfeyrarstofu og Marz hússins annarsvegar og hinsvegar Aðalgötu 3 og KST hinsvegar, til eins árs. Jafnframt er óskað eftir því að bæjaryfirvöld upplýsi þá um hvaða reglum er fylgt við úthlutun stöðuleyfa fyrir gáma og geymsluhús. Skipulags- og byggingarnefnd hafnar erindinu um afnotarétt. Varðandi stöðuleyfi er unnið samkvæmt kafla 2.6 í byggingarreglugerð og þar á meðal skal samþykki lóðarhafa liggja fyrir. Inn á lóðum fyrirtækja er heimilt að sækja um stöðuleyfi og greitt samkvæmt gjaldskrá á heimssíðu Stykkishólmsbæjar, en afstaða Stykkishólmsbæjar er að veita ekki stöðuleyfi utan lóðar og er í gangi vinna við að hreinsa upp alla gáma og hús sem standa utan lóðar. Varðandi hafnarsvæðið mælir skipulags- og byggingarnefnd með að hafnarstjórn svari þeirri fyrirspurn.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

12.14. 1408033 - Silfurgata 31 - bréf til skipulags- og byggingarnefndar

Steinþór Sigurðsson kt.140233-3319 sendir inn bréf vegna framkvæmda á lóðarmörkum Silfurgötu 31 og Skólastígs 22 og ósk um að greið aðkeyrsla frá Skólastíg sé að lóðum nr. 31 og 33



við Silfurgötu verði tryggð.
Skipulags- og byggingarnefnd óskar eftir að girðing og sorpskýli verði fjarlægt strax þar sem enginn leyfi eru fyrir framkvæmdinni. Samkvæmt byggingarreglugerð gr.7.2.3. "Girðing lóða. Girðing eða skjólveggur á mörkum lóða er alltaf háður samþykki beggja lóðarhafa óháð hæð girðingar eða skjólveggs og skal samþykkis leitað áður en hafist er handa við smíði girðingar eða skjólveggs." Ekki liggur fyrir umsókn eða samþykki beggja lóðarhafa fyrir girðingu né sorpskýli, því skal það fjarlægt. Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir aðstöðu til að geyma og flokka sorp. gr.4.3.1, ljóst er að sorpgeymsla hefur verið færð án þess að sótt sé um það, því skal hún staðsett á þann stað sem hún var á, nema skilað sé inn umsókn og upprætti með nýrri staðsetningu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Tillaga.

Borist hafa athugasemdir frá eiganda íbúðarhússins við Skólastíg 22 vegna deilna sem hafa orðið um lóðamörk o.fl. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að leita sátta í málinu og ganga til samninga um frágang lóðabréfs í samræmi við það sem hafði verið gert gagnvart fyrri eiganda.

Tillaga samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,SB,HB,HG,SPJ og ÍHS

Fundargerð samþykkt.

Liður 20 bréf varðandi ósk um umsögn um gerð reglugerðar um starfsemi slökkviliða dags.01.09.2014

Framlagt og vísað til skoðunar hjá byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 21 Gjaldskrá skólamáltíðar sem gildir frá 01.10.2014 dags. 21.08.2014

Tillaga að gjaldskrá á skólamáltíðum skólaárið 2014-2015

Gjaldskrá skólamáltíðar
Gildir frá 1. október 2014

Í Grunnskólanum eiga nemendur kost á skólamáltíð í hádeginu fjóra daga í viku, mánudaga til fimmtudaga. Maturinn er eldaður í eldhúsi dvalarheimilis.

Eingöngu er hægt að vera í fullri áskrift. Verð á hverri skólamáltíð er 420



kr. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfellt.

Starfsmenn Grunnskólans eiga einnig kost á því að fá mat og er verð á hverri máltíð 550 kr.

Skráning í mat er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Fæðisgjald bætist við dvalargjald Heildagsskóla.

Fæði:

Skólamáltíð fyrir nemendur 420 kr.

Skólamáltíð fyrir starfsmenn 550 kr.

Gjaldskrá fylgir vísitölu neysluverð miðað við vísitölu ágúst mánaðar ár hvert (422,8).

Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri

Greinargerð: Þar sem skólamáltíðir til barna hefur ekki hækkað síðan haustið 2010, teljum við að réttlæt看legt sé að hækka núna um 5,6%, þar sem innkaupaverð matar hefur hækkað töluvert síðan 2010.

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 24 bréf varðandi auglýsing um umsókn á byggðakvóta fiskveiðiársins 2014-2015 dags.02.09.2014.

Bæjarstjóra falið að sækja um byggðakvóta.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 25 fyrirspurn vegna báta utan við hús í þéttbýli.

Samþykkt að vísa erindinu til byggingafulltrúa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og HB

Liður 26 bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 15.09.2014 varðandi styrk til greiðslu á fasteignagjöldum fyrir árið 2014.

Samþykkt að veita Lionsklúbbi Stykkishólms styrk að upphæð 148.778 kr. til greiðslu fasteignagjöldum fyrir árið 2014.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Til máls tóku:HG,LÁH og ÍHS

Liður 27 bréf varðandi afnotaréttar lóðar og upplýsingagjöf dags.19.08.2014.

Bæjarráð vísar til fyrri samþykka skipulags-og bygginganefndar og bæjarstjórnar. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við fyrrnefndar samþykktir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf varðandi:Forkaupsrétt á Smiðjustíg 4, Stykkishólmi dags. 25.08.2014

Stykkishólmsbær hafnar forkaupsrétti á Smiðjustíg 4 Stykkishólmi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 bréf varðandi: Forkaupsrétt á Víkurgötu 2, Stykkishólmi dags. 01.09.2014

Stykkishólmsbær hafnar forkaupsrétti á Víkurgötu 2 Stykkishólmi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 tölvupóstur frá byggingafulltrúa varðandi breytingu á aðalskipulagi við Vatnsás 10, dags. 01.09.2014

Bæjarráð samþykkir að unnið verði að málinu og heimilar að gerður verði samningur við hönnuði á grundvelli tilboðsins.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,SB,ÍHS,RMR,HG og HB

Liður 31 innra vinnuskjal um nýtt bókhaldskerfi dags.16.09.2014

Bæjarráð heimilar bæjarstjóra að ganga til samninga við Wise um nýtt bókhalds- og launakerfi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 bréf varðandi:Þátttöku Stykkishólmsbæjar í verkefninu,„Burðarplastpokalaus Stykkishólmur"dags.17.09.2014

Framlagt og vísað til umhverfisnefndar og forstöðumanna stofnanna Stykkishólmsbæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 33 áfangaskýrsla um samþætta öldrunarþjónustu í Stykkishólmi dags. 26.08.2014

Framlagt og vísað til stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Bæjarstjórn fagnar áfangaskýrslu vinnuhópsins, sem skipaður var af heilbrigðisráðherra. Bæjarráð lýsir yfir stuðningi við þær tillögur sem þar eru gerðar um samþættingu öldrunarmála í Stykkishólmi og sameiningu hjúkrunarþjónustu á einn stað í húsnæði HVE. Með því mun skapast umtalsvert hagræði sem ætti að geta nýst til þess að efla aðra starfsemi á vegum Sjúkrahúss HVE í Stykkishólmi. Bæjarstjórn leggur ríka áherslu á að tryggðir verðir fjármunir í fjárlögum ársins 2015 til hönnunar og framkvæmda við Sjúkrahús HVE í samræmi við tillögur vinnuhópsins. Bæjarstjórn skorar á þingmenn kjördæmisins og ráðherra að tryggja framgang þessa verkefnis við fjárlagagerð svo hefja megi framkvæmdir sem fyrst.

Til máls tóku:allir

Liður 35 Nýrækt - Deiliskipulag

Samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda þ.e. Landlínur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:LÁH

Liður 36 Reitarvegur - Deiliskipulag

Samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda þ.e. Arkís

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 37 Fyrirspurn Lárusar varðandi fyrirkomulag vegna skólavist leikskólabarna úr Eyja-og Miklaholtshreppi.

Bókun:

Vegna fyrirspurnar frá Lárusi varðandi fyrirkomulag vegna skólavist leikskólabarna úr Eyja-og Miklaholtshreppi við Leikskóla Stykkishólms og svörum við henni viljum við koma með eftirfarandi bókun. Bæjarfulltrúar L – listans telja að jákvæðir faglegir og rekstrarlegir möguleikar felist í auknu samstarfi milli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í skólamálum hvort heldur verið er að tala um leik -, grunn-, framhalds -, eða tónlistarskóla.

Við teljum afar mikilvægt að aukið samstarf sé skoðað enn betur og umræðan og ákvarðanir byggja á faglegum grunni fyrst og fremst með hag nemendanna að leiðarljósi.

Við teljum hinsvegar að sú ákvörðun að taka inn börn í Leikskóla Stykkishólms án þess að gengið hafi verið frá samningi um greiðslur frá sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps vegna þeirra hafi verið röng og



auðveldi ekki þá umræðu sem þarf að eiga sér stað til að árangur náist sem gagnast öllum.

Það er von okkar að fulltrúar sveitarfélaga á Snæfellsnesi sameinist um, á næstu misserum, að kanna kosti og galla aukins samstarfs í skólamálum.

Lárus Ástmar Hannesson

Ragnar Már Ragnarsson

Helga Guðmundsson

Til máls tóku: LÁH og SB

Fundarhlé frá kl: 18:50-1910

Tillaga meirihluta.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að fara í framhaldsviðræður við hreppsnefnd Eyja – og Miklaholtshreppi svo tryggja megi áframhaldandi skólavist barnanna í Leikskólanum í Stykkishólmi.

Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Til máls tóku:LÁH og SB

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 Fundargerð - Skipulags- og bygginganefndar nr. 176 dags. 01.09.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2 Fundargerð Atvinnumálanefndar nr. 83 dags. 26.08.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: RMR og SB

2.3 Fundargerð Hafnarstjórnar nr.71 dags.28.08.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4 Fundargerð Umhverfisnefndar nr. 41 dags.28.08.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5 Fundargerð Ungmennaráðs nr. 2 dags. 28.08.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók: HG

2.6 Fundargerð Æskulýðs-og íþróttanefndar nr. 48. dags. 26.08.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.7 Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis nr. 84. dags.01.09.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.8 Fundargerð Skólanefndar nr. 133. dags. 28.08.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.9 Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra nr. 15. dags. 02.09.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.



Til máls tóku: ÍHS,LÁH og HB

2.10 Fundargerð Landbúnaðarnefndar nr. 24 dags.02.09.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.11 Fundargerð Skólanefndar nr.134 dags.10.09.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.12 Fundargerð Skólanefndar Tónlistarskólans nr.155 dags. 16.09.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Annað

3.1 1409023 – Drög að viðauka við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2014.

Viðauki við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæ fyrir árið 2014 framlagður og samþykktur.

Til máls tóku:SB,HB,HG og LÁH

4. Samningur við Sæferðir.

Varðar samning Sæferða og Stykkishólmshafnar.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar sendir eigendum og starfsfólki Sæferða heillaóskir í tilefni þess að í það stefnir að ný ferja leggist við ferjubryggjuna í Stykkishólmshöfn og hefji siglingar yfir Breiðafjörð milli Stykkishólms og Brjánslækjar.

Tillaga bæjarstjóra.

Vegna þess að ný og stærri ferja er væntanleg og með vísun til samnings milli Stykkishólmshafnar og Sæferða ehf. sem dagsettur er 1. júlí 2008 er óskað eftir viðræðum um að gerður verði nýr samningur um þjónustu hafnarinnar við ferjuna og eldri samningur falli þar með úr gildi. Lagt er til að samningnum frá 1. Júlí 2008 verði sagt formlega upp og þess vænst að samkomulag megi takast um það verkefni að vinna nýjan samning og skilgreina þá þjónustu sem veitt verður í höfninni gegn gjaldi í samræmi við gildandi hafnalög og gjaldskrá hafnarinnar eftir því sem við á.

Til máls tóku: allir

Tillaga samþykkt, Lárus sat hjá vegna tengsla.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:52

Þór Örn Jónsson